

Nd.

727. Nefndarálit

[69. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast fyrir Húsvíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað lán til togarakaupa.

Frá 4. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed.

Upphaflega var efni þess heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast fyrir Húsvíkurkaupstað, eða hlutafélag, sem kaupstaðurinn er þátttakandi í, lán til kaupa á einum togara. En sú breyting var gerð á frv. í Ed., að einnig skyldi heimilt að ábyrgjast lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað í sama skyni.

Í Ed. var einnig gerð önnur breyting á frv., þess efnis, að ef framangreindir kaupstaðir óskuðu ríkisábyrgðar vegna kaupa á togurum, sem gerðir eru út frá öðrum stöðum hér á landi, þá skyldi ríkisstjórnin, áður en slík ábyrgð yrði veitt, leita eftir því, hvort sveitarfélög á þeim stöðum eða félög, sem þau taka þátt í, vildu gera skipin út þaðan, og átti þá að vera skylt að gefa þeim kost á sams konar ábyrgðaraðstoð vegna kaupanna. Þetta ákvæði er í 2. málsg. 1. gr.

Ég lít svo á, að þýðingarlaust sé að samþykkja frv. óbreytt. Ákvæði 2. mgr. 1. gr., sem bætt var inn í frv. í Ed. og að framan er lýst, hindrar það, að ríkisstjórnin geti notað ábyrgðarheimildina samkv. 1. málsg. greinarinnar. Ríkisstjórninni er ekki frjálst, samkv. frv. eins og það er nú, að veita Húsvíkingum eða Ólafsfirðingum ábyrgð fyrir láni, þó að þeir ættu kost á því að kaupa skip innanlands og stjórnin vildi veita þeim slíka aðstoð. Aðrir aðilar gætu hindrað þetta og þá jafnframt lagt þá skyldu á ríkisstjórnina að ábyrgjast togarakaupalán fyrir sig, í stað þess að greiða fyrir þeim stöðum, sem frv. var upphaflega ætlað að styðja.

Þeir kaupstaðir, sem nefndir eru í frv., hafa mikla þörf fyrir atvinnutæki til viðbótar þeim, sem þar eru fyrir, til aukinnar atvinnu og framleiðslu. En því aðeins er von um það, að samþykkt frv., sem hér liggur fyrir, geti orðið til að greiða fyrir útvegum togara til þessara staða, að 2. málsg. 1. gr. verði felld úr frv.

Það er því tillaga mín, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsg. falli niður.

Alþingi, 2. febr. 1953.

Skúli Guðmundsson,
form.